

REGLUGERÐ

um skyldusparnaðarskírteini.

1. gr.

Ríkissjóður viðurkennir móttöku skyldusparnaðar skv. III. kafla laga nr. 20 5. maí 1976 með afhendingu sérstakra skyldusparnaðarskírteina, sem fjármálaráðherra gefur út f. h. ríkissjóðs.

2. gr.

Skírteini þessi skulu afhent í ársbyrjun 1977, þó ekki fyrir en viðkomandi gjaldandi hefur greitt skyldusparnað sinn að fullu, en skyldusparnaður telst ekki að fullu greiddur fyrir en fullnaðarskil hafa verið gerð á öllum þinggjöldum gjaldanda til ríkissjóðs samkvæmt þinggjaldabók ásamt þar greindum skyldusparnaði.

3. gr.

Skyldusparnaðarskírteini skulu skráð á nafn þess sem sparar og skal nafn hans, heimilisfang og nafnúmer skráð á framhlið skírteinis. Óheimilt er að framsetja eða veðsetja skyldusparnaðarskírteini.

4. gr.

Verðgildi hvers skírteinis skal vera jafnt þeirri fjárhæð, er viðkomandi gjaldanda hefur verið gert að spara skv. ákvæðum III. kafla l. nr. 20 5. maí 1976.

5. gr.

Skírteini vegna skyldusparnaðar eru lengst til 15. desember 1991 en frá 1. febrúar 1979 er eiganda í sjálfsvald sett, hvenær hann fær skírteini innleyst. Vextir eru 4% á ári frá 1. janúar 1977 að telja eða lokagreiðsludegi skyldusparnaðar ef síðar er. Vextir greiðast eftir á og í einu lagi við innlausn.

6. gr.

Við innlausn skyldusparnaðarskírteina greiðir ríkissjóður verðbætur á höfuðstól, vexti og vaxtavexti í hlutfalli við þá hækkun sem kann að verða á vísitölu framfærslukostnaðar frá 1. nóvember 1976 til 1. nóvember næst á undan endurgreiðslu. Sé skyldusparnaður ekki greiddur að fullu (sbr. 2. gr.) fyrir en eftir 30. júní 1977 reiknast verðbætur þó aðeins frá 1. nóvember það ár er greiðsla fer fram. Kauplagnesfnd reiknar vísitölu framfærslukostnaðar og eru núgildandi lög um hana nr. 1 frá 30. janúar 1959 og nr. 70 frá 29. nóvember 1967. Skyldusparnaðarskírteini skulu innleyst á nafnverði auk vaxta, þótt vísitala framfærslukostnaðar lækki á tímabilinu frá 1. nóvember 1976 til greiðsludags. Skírteini verða ekki innleyst að hluta.

7. gr.

Í desembermánuði ár hvert, fyrst árið 1978 skal birt í Lögbirtingablaði innlausnarverð hvers þúsunds af nafnverði skyldusparnaðarskírteina miðað við 1. nóvember það ár, 4% ársvextir frá 1. janúar 1977 og verðbætur frá 1. nóvember 1976. Hafi skyldusparnaður verið greiddur að fullu fyrir 1. janúar 1977 skal greiða innlausnarverð sem hér segir. Fyrir hvert þúsund af nafnverði skírteina, sem innleyst eru eftir 1. nóvember ár hvert, greiðist innlausnarverð miðað við 1. nóvember næst á undan innlausn, að viðbættum 4% ársvöxtum frá viðmiðunardegi til innlausnardags.

Hafi skyldusparnaður verið greiddur eftir 1. janúar 1977 verður innlausnarfjárhæð hvers skírteinis reiknuð sérstaklega í samræmi við ákvæði 5. og 6. gr.

8. gr.

Rísi ágreiningur um framkvæmd ákvæða 6. gr. um greiðslu verðbóta á höfuðstól og vexti, skal málinu vísað til nefndar þriggja manna, er skal þannig skipuð. Fjármálaráðuneytið tilnefnir einn nefndarmann. Hæstiréttur annan, en hagstofustjóri skal vera formaður nefndarinnar. Ef breyting verður gerð á grundvelli vísitölu framfærslukostnaðar, skal nefnd þessi koma saman og ákveða, hvernig vísitölur samkvæmt nýjum eða breyttum grundvelli skuli tengdar eldri vísitölum.

9. gr.

Skyldusparnaður er ekki frádráttarbær til tekjuskatts. Skyldusparnaðarskírteini eru framtalsskyld, svo og vextir og verðbætur af þeim. Að öðru leyti njóta skírteinin skattfrelsis á sama hátt og skyldusparnaður skv. III. kafla laga nr. 30 frá 12. maí 1970.

10. gr.

Innlausn skyldusparnaðarskírteina fer fram hjá ríkisféhirði. Eftir 15. desember 1991 greiðast ekki vextir af skírteinum og engar verðbætur eru greiddar vegna hækkana vísitölu framfærslukostnaðar eftir 1. nóvember 1991.

11. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 12. gr. laga nr. 20 frá 5. maí 1976, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 20. desember 1976.

Matthías Á. Mathiesen.

Jón Sigurðsson.

AUGLÝSING

um reglur um fyrirframútborgun væntanlegra eftirstöðva barnabóta, skv. c-lið 25. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 9. gr. laga nr. 11/1975 á árinu 1977.

Fjármálaráðherra hefur ákveðið, að þeim gjaldendum, sem vænta mega verulegra eftirstöðva barnabóta til útborgunar við álagningu skatta árið 1977, gefist kostur á að sækja um að fá helming þeirra greiddan fyrirfram á fyrri hluta ársins 1977, samkvæmt eftirfarandi reglum:

1. Fyrirframútborgun fer einungis fram til þeirra, er hafa fleiri en eitt barn á framfæri sínu, og einungis til þeirra, sem vænta má, að eigi meira en 48 000 kr. eftir af barnabótum sínum vegna skattársins 1976, eftir að frá hafa verið dregin þau opinberu gjöld fyrir gjaldárið 1977, er um ræðir í 2. mgr. c-liðs 25. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 9. gr. laga nr. 11/1975. Sé helmingur væntanlegra eftirstöðva barnabóta því undir 24 000 krónum kemur hann ekki til útborgunar fyrirfram.
2. Þeir, sem fyrirframgreiðslu óska, skulu senda umsókn þar að lútandi í tvíriti til skattstofu í umdæmi sínu. Skal umsókn þessi gerð á þar til gerð eyðublöð, sem liggja frammi hjá skattstjórum, umboðsmönnum þeirra og innheimtumönnum ríkissjóðs.
3. Umsókn skal fylgja skattframtali umsækjanda árið 1977. Umsókn og framtal skal leggja í umslag og merkja það: Umsókn um fyrirframgreiðslu barnabóta.